

Signý Sæmundsdóttir, sópransöngkona, stundaði hljóðfæra- og söngnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og Kópavogi og síðar framhaldsnám í söng við Tónlistarháskólann í Vín. Þar lagði hún jöfnum höndum stund á óperu-, ljóða- og kirkjutónlist. Helstu kennarar hennar voru Helene Karusso og Eric Werba.

Signý hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi undanfarinn áratug og tekið þátt í óperuuppfærslum Íslensku óperunnar og Þjóðleikhússins ásamt því að frumflytja íslenska óperutónlist og má þar t.d. nefna *Tunglskinseyjuna* eftir Atla Heimi Sveinsson sem frumflutt var í Peking 1997. Hún hefur komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem einsöngvari með ýmsum kórum og sungið inn á fjölmargar upptökur fyrir útvarp, sjónvarp og hljómplötur. Signý hefur flutt talsvert af samtímatónlist, meðal annars ýmis verk sem hafa verið samín sérstaklega fyrir hana. Hún hefur verið gestur á fjölmörgum tónlistarhátíðum, hérlandis og erlendis.

Þóra Fríða Sæmundsdóttir lauk píanókennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1978. Eftir það lá leið hennar til Þýskalands þar sem hún stundaði framhaldsnám við tónlistarháskólann í Freiburg im Breisgau. Þaðan lauk hún Diploma prófi 1981 og var síðan við nám í tónlistarháskólanum í Stuttgart, en þar valdi hún ljóðaflutning (Liedgestaltung) sem sérgrein undir handleiðslu prófessors Konrad Richter.

Eftir að Þóra Fríða kom heim frá námi árið 1984 hefur hún starfað sem píanóleikari og kennari í Reykjavík. Þóra Fríða hefur tekið þátt í ýmiss konar tónleikum og leikið í útvarp og sjónvarp. Þóra Fríða kennir m.a. við Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla FÍH.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Signý Sæmundsdóttir
sópran

Þóra Fríða Sæmundsdóttir
píanó

Netútgáfa



*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 10. júní 2003 kl. 20:30

Nehmt meinen Dank

Listamaður kveður vini sína og tjáir þeim þakklæti og tryggð.

Vado, ma dove?

Madam Lucilla er full sjálfsmeðaumkunar og óöryggis yfir stefnunni sem ástarmál hennar virðast vera að taka.

Deux Mélodies Hébraïques

Ravel skrifaði Tvö hebresk ljóð fyrir sópransöngkonuna Madeleine Grey árið 1914. Hér eru þau sungin á hebresku, en íslensk þýðing Reynis Axelssonar fylgir með efnisskránni.

La Serenata, Malía, Me voglio fà'na casa og Mattinata

Ítölsk ljóð, sungin á íslensku í nýrri eða nýlegri þýðingu Þorsteins Gylfasonar.

W. A. Mozart

1756 – 1791

Maurice Ravel

1875 – 1937

Tryggvi M. Baldvinsson

f. 1964

Francesco Paolo Tosti

1846 – 1916

Gaetano Donizetti

1797 – 1848

Ruggiero Leoncavallo

1858 – 1919

Efnisskrá

Tvær konsertáriur

Nehmt meinen Dank K 383 (1782)

Vado, ma dove? K 583 (1789)

Deux Mélodies Hébraïques

Kaddisch

L'Enigme Eternelle

Krummi

(1994)

Davíð Stefánsson

Aldrei flýgur hún aftur

(1998)

Þórbergur Þórðarsson

Þú ein

(2002)

Hannes Pétursson

Fingurbjörg

(1995)

Þórarinn Eldjárn

La Serenata

Malía

Me voglio fà'na casa

Mattinata